

# Viðhorfskönnun með happdrættisvinningi

Undanfarin ár hefur Gallup framkvæmt könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna AFLs starfsgreinafélags og Einingar-löju. Nú er slík könnun í gangi og er búið að senda bréf á 3.000 félagsmenn sem valdir voru handahófskennt úr félagaskrá þessara tveggja félaga.

Á næstu dögum mun starfsmaður Gallup hringja í þessa félagsmenn. Það er áriðandi að fá sem nákvæmastar niðurstöður þannig að við hvetjum ykkur til að svara svo hægt verði að nýta niðurstöðurnar.

## Við hvetjum ykkur til að taka vel á móti Gallup

### Ykkar upplýsingar skipta miklu máli!

**Könnunin er líka happdrættismiði því allir sem taka þátt geta unnið veglega vinninga.**

**Þátttakendur strax í happdrættispotti!**

Í ár lenda 10 þátttakendur strax í happdrættispotti. Hinir heppnu vinningshafar fá tilkynningu um það um leið og lokið hefur við að svara könnuninni, um er að ræða gjafakort að andvirði kr. 10.000.

Auk þess eru sex veglegir vinningar í boði þegar könnuninni er lokið. Peningaverðlaun að upphæð kr. 100.000 og kr. 50.000 auk fjögurra vikudvala í orlofsbúðum félaganna.



**GALLUP**

